



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

17. janúar 2021

Kæru Mývetningar nær og fjær! Nýtt ár hefur litið dagsins ljós! Það verður ár breytinga og viðspyrnu, um það er ég sannfærður! Það er svo sannarlega fullt að fréttu úr samfélaginu og ætla ég að tæpa á nokkrum atriðum.

Skútustaðaskóli í eigu ríkisins

Þau ánægjulegu tíðindi bárust í upphafi árs að ríkið hefði fest kaup á Skútustaðaskóla. Þar verður gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs, starfsstöð fyrir ýmsar ríkisstofnanir og vonandi þróast þar þekkingar-og nýsköpunarklasi sem verður uppspretta frumkvæðis og framkvæmda í sveitarfélaginu um ókomna tíð.

Þróun byggðar í nágrenni Skútustaða

Nú, þegar fyrir liggur að Skútustaðaskóli breyti um hlutverk, er hafin vinna við undirbúning að þróun byggðar í nágrenni Skútustaða. Við viljum bjóða nýja íbúa velkomna og til þess þurfum við að geta þróað byggð í öllu sveitarfélaginu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins, en ef lesendur hafa áhuga á uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu má endilega hafa samband (sveinn@skutustadahreppur.is)

Göngu-og hjólréiðastigur

Vinna við undirbúning á lagningu göngu-og hjólréiðastígs frá Dimmuborgaafleggjara að Skútustöðum er komin af stað. Samtal við landeigendur er hafið og er virkilega gaman að upplifa þann áhuga sem er fyrir framkvæmdinni. Það þekkja fáir betur hvaða lausnir geta verið mögulegar varðandi legu stígsins en landeigendur og á ég von á áhugaverðu samtali á næstu vikum.

Skíðasvæðið opnar

Það má með sanni segja að Mývetningar hafi á skíðum skemmt sér um helgina, en óformleg opnun skíðasvæðisins gekk afar vel. Æfingar



praktískar upplýsingar.

hefst í vikunni og verður svo svæðið opnað með pompi og prakt um næstu helgi. Endilega tengist skíðadeild Mývetnings á fésbókinni, þar má nálgast allar

Samstarf við Mývatnsstofu – NÍN

Samstarf Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar við Mývatnsstofu er komið á, en hjá Mývatnsstofu hefur verið ráðin til starfa Úlla Árdal, Fnjóskdælingur með meiru. Úlla mun starfa við hlið Soffíu Kristínar innan Mývatnsstofu og sinna m.a. kynningarstarfi fyrir Nýsköpun í norðri, sem nýlega fékk styrk frá NORA, í samstarfi við Grænlinga, Færeyinga og Skota. Hildur Ásta Þórhallsdóttir stýrir því verkefni, sem heitir VALOR.

Deiliskipulag Höfða

Deiliskipulag Höfða hefur verið samþykkt í sveitarstjórn. Það má með sanni segja að þar hafi verið vandað til verka og er ástæða til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt hönd á plóginn! Um er að ræða glæsilegt svæði, sem svo sannarlega er útivistarperla fyrir samfélagið.



Leikskólinn Ylur á grænni grein

Gaman er að segja frá því að nú hefur leikskólinn Ylur hafið vegferð sína í verkefninu „skólar á grænni grein“. Til þess að gerast skóli á grænni grein þarf að fara í gegnum 7 þemu, uppfylla þar viss skilyrði og öðlast grænfánann. Börn og starfsfólk hafa nú farið í gegnum fyrsta þemað sem ber heitið „Áthagar og landslag“. Í

því felst að börnin kynni sér nærumhverfi sitt og þekki betur sitt heimasvæði s.s. örnefni o.fl. Þann 16. september, á degi íslenskrar náttúru, hófst verkefnið formlega þar sem börn og starfsfólk fóru í vettvangsferð og völdu tré til að fylgjast með í gegnum árstíðirnar. Fyrir valinu varð birkitré og fékk það nafnið „Bylur“. Þema númer tvö er „Neysla og úrgangur“. Þar munu börnin öðlast skilning á flokkun, betri nýtingu hluta og hugtakinu sóun. Haldinn var grænfánafundur með börnunum í upphafi þemans þar sem gerður var umhverfissáttmáli leikskólans og öll börnin skrifuðu undir. Eins hafa börnin tekið virkan þátt í flokkun og nýtingu hluta, t.d. hvað við getum fönðrað úr „ruslí“ og matarsóun en leikskólinn hefur einmitt verið að vinna gegn matarsóun í samstarfi við grunnskólann.



Breyttar sóttvarnaráðstafanir – starfsemi ÍMS

Í kjölfar breytinga á sóttvarnarreglum hafa breyttar sóttvarnarráðstafanir tekið gildi í sveitarfélaginu. Stefnt er að því að starfsemi ÍMS opnast enn frekar á næstu dögum, en unnið er að því að koma málum þannig fyrir að hóptímar í þreksal geti farið fram.

HRÓS DAGSINS...

Fá allir krakkar sem mættu í Kröflu á skíði um helgina og sýndu svo sannarlega frábæra takta!

Sameinaðir stöndum vér – Sundraðir föllum vér!

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri